

## Dagskrá Iðunnar vorið 2020

Kvæðalagaæfingar og fundir eru að venju í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Kvæðalagaæfingar munu nú hefjast klukkutíma fyrr en áður svo börn geti frekar sótt þær. Athugið að laugardaginn 7. mars kl. 14:00 verður sérstök barna- og fjölskylduæfing.

Tvísöngsæfingar eru haldnar í Gröndalshúsi við Fischersund.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari vorönn verða dagsetningar viðburða Iðunnar á þessa leið:

<b>Fundir – Gerðubergi</b>		<b>Tvísöngsæfingar – Gröndalshúsi</b>	
föstudaga kl. 20:00–22:30		þriðjudaga kl. 19:30	
10. janúar	7. febrúar	21. janúar	18. febrúar
6. mars aðalfundur		17. mars	21. apríl
3. apríl	8. maí		19. maí

**Kvæðalagaæfingar – Gerðubergi**  
miðvikudaga kl. 18:00–19:00 barna- og fjölskylduæfing  
kl. 19:00–20:00 hefðbundin æfing  
8. janúar      5. Febrúar  
1. apríl      6. maí  
laugardag 7. mars kl. 14:00 barna- og fjölskylduæfing

### **Þrettándabrenna við Ægisíðu**

Iðunn tekur formlega þátt í þrettándabrennunni við Ægisíðu 6. janúar og stýrir þar fjöldasöng og kveðskap. Við hittumst við markið sem er nær götunni. Kveikt er í brennunni kl. 18:30 og við hefjum upp raustina stuttu seinna. Kvæðin og söngvarnir verða æfðir á tvísöngsæfingunum.

**Kvæðakvöld** verður haldið á Sólon 25. febrúar. Nánar auglýst þegar nær dregur – takið kvöldið frá!

Gleðileg jól!



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

135. tölublað – 40. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2019  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Yfir ána og í gegnum skóginn

Til er gamalt amerískt þjóðlag þar sem í textanum segir: „Yfir ána og í gegnum skóginn, við förum heim til ömmu,“ og það er nákvæmlega það sem ég og fjölskylda mín gerðum hvern jóladag. Við pökkuðum í bílinn og ókum vestur frá Blue Ridge fjöllunum í vesturhluta Norður-Karólínu, þar sem ég ólst upp, upp í Great Smoky fjöllin í austurhluta Tennessee, hvar móðir mín sleit barnsskónum og foreldrar hennar búa enn. Þetta var tveggja tíma ferð – um það bil eins og að aka frá Reykjavík til Víkur í Mýrdal – sem varð eins og píligrímsferð og lá utan við mörk hins venjulega tíma. Við yfirgáfum eitt heimili til þess að koma einhvern veginn breytt til annars. Ferðin öðlaðist ekki helgi sína vegna þess að við ferðuðumst í þögulli lotningu (við höfðum einmitt oft mjög hátt) heldur – eins og vitringarnir sem fylgdu Betlehemstjörnunni – vegna þess að við leituðumst við að verða heil.

Oftast var þetta ekkert þægileg ferð, hundurinn másaði aftur í (venjulega beint fyrir aftan höfuð bróður míns), sætin voru óþægilega upprétt og allt í kringum okkur var farangur og pakkar í skrautlegum jólapappír. Þrátt fyrir þetta vakti allt sem við sáum undrun og aðdáun. Við dáðumst að grýlukertunum sem héngu niður úr klettunum. Bróðir minn söng jólalög hástöfum. Fjallstindarnir umhverfis voru snævi þaktir. Jafnvel úfinn skógurinn virtist hvetja okkur áfram, trjágreinarnar sveifluðust kröftuglega þegar vindurinn blés.

Loksins þegar við komum að háreista húsinu með útsýni yfir Cherokee vatnið var okkur fagnað innilega með hlýju faðmlagi afa og ömmu. Inni logaði eldurinn í arninum. Bökur og kökur skreyttu borðið og gjafirnar lágu eins og krans undir jólatrénu. Á meðan kólnaði og dimmdi úti varð bara hlýrra og bjartara inni. Öll fjölskyldan safnaðist saman fyrir framan arninn. Sagðar voru sögur, það var hlegið, borðað og drukkið langt fram á kvöld og vegna þrengsla í húsinu fundum við varla stað til að halla höfði. (Einu sinni þegar ég var unglingur svaf ég í svefnpoka inni í skáp í ömmuherbergi.)

Fyrir mörgum árum, þegar ég var barn, kom ég þjótandi inn í stofu til að spyrja mömmu hvort ég mætti fá eina smáköku enn. „Auðvitað,“ sagði hún, „það eru jól.“ Hátíðin bar með sér allt sem hátíð á að gera, hún var falleg og ríkuleg og hver gersemi var gefin að vild, hverjum þeim sem steig inn fyrir þröskuldinn og var langt að kominn.

2. desember 2019

Gabriel Dunsmith

### **Sníkjuvísa formanns vísnanefndar**

Sýnist mér nú sæmi þér  
sjóði að góðu víkir.  
Enn um fer, sig eftir ber  
óði Ljóðasníkir.

Helgi Zimsen

Aðventuljósinn ljóma  
lýsa upp dimma nótt  
fagnaðar enduróma  
ala í vonagnótt  
gleði í sinnið seiða  
sólrís í hjartans ból  
örva þau andann heiða  
enn eru að koma jól.

Sigmundur Benediktsson

Brakar hjarn í brunagaddi,  
bryðja hrannir ísaglans.  
Vonin, hulin vetrarhaddi,  
vaknar á hátíð frelsarans.

Í vindagnauði vetrarsól  
vekur gleði í hjarta  
sem fyllist von um friðarjól  
og framtíð undurbjarta.

Gunnar J. Straumland

Hátíðar ómar undurfagur strengur  
alsæl og glöð er stúlka hver og dregur  
friður og jól  
um byggðir og ból  
jafnvel pólitíkin pirrar ekki lengur.  
Sigurlína Davíðsdóttir

Öxin brýnd og indæll friður,  
arka ég um skógarnefnu.  
Full er gleði, fullur kviður,  
fagna, laus við átt og stefnu.

Finn að lokum fagurt grenið  
flott er tréð með beina stofna.  
Heim ég fer og hverfur slenið  
hlýtt er rúm, ég glaður sofna.  
Höskuldur Búi Jónsson

Hafinn trylltur desemberdansinn  
en daganna mestur er glansinn  
er finan settan stjörnum  
fæ frá ömmubörnum  
föndraðan aðventukransinn  
Halldóra Traustadóttir

Bráðum hvílir andað ár  
aldanna í fangi.  
Allir vona að eitthvað skár  
á því næsta gangi.  
Þórarinn Már Baldursson

Að auglýsingum öllum hlæ  
er ekki þarf að heyra.  
Ef jólalögin ljúfust fæ  
mig langar ekki í meira.

Hugmyndanna fjölbreytt fræ  
fjölpósts leiðust veira.  
Ef jólabók ég bara fæ  
bið ég ekki um meira.  
Sigurlín Hermannsdóttir

Jólafastan birtu ber  
boðskap dreifir finum,  
þakklæti og auðmýkt er  
efst í huga mínum.  
Ingólfur Ómar Ármannsson

Hlátrasköllin skærra ljósa,  
skrifa jól í kortin.  
Í þau liðið árið glósa  
er af hátíð snortin.  
Halldóra Traustadóttir

Enn er listin ekki dauð,  
ei þó kennd í skólum.  
Lipurt skorið laufabrauð  
leggur grunn að jólum.  
Sigmundur Benediktsson

Jólahátíð treystir tryggðabönd  
tindra geislar ljóss á vegi förnnum.  
Látum bæði vinstri og hægri hönd  
hlýju og gleði veita jólabörnum.  
Sigurlína Davíðsdóttir

Bráðum jólin bresta á,  
börn úr spennu sálgast.  
Lambhrútarnir fiðring fá:  
Fyrsta skiptið nálgast.

Árið kom og aftur fór  
upp til feðra sinna.  
Afrekin ég á því stór  
engin náði að vinna.

Nú er hátíð heims um ból  
þótt hann sé leiðigjarn;  
gaman er að geta um jól  
glaðlegt lítið barn.

Þórarinn Már Baldursson